

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa á Akranesi.

1. gr.

Akraneskaupstaður innheimtir gjald fyrir fráveitu á Akranesi og hreinsun rotþróa skv. gjaldskrá þessari og reglugerð um fráveitu á Akranesi.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

| | |
|---------------------------------|---------------------------|
| Fyrir einbýlis-, par- og raðhús | kr. 153.122 á hverja íbúð |
| Fyrir fjölbýlishús | " 51.041 á hverja íbúð |
| Fyrir annað húsnæði | " 170.136 pr. tengingu |

Gjöldin eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 278 stig (1. janúar 2003) og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árgjald:

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróar (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

| | Stærð í lítrum | Árgjald kr. |
|--------|----------------|--------------------------------------|
| Rotþró | 0-2.000 | 5.000 |
| Rotþró | 2.001-4.000 | 5.500 |
| Rotþró | 4.001-6.000 | 6.000 |
| Rotþró | >6.000 | 2.000 pr. m ³ umfram 6 þ. |

Gjalddagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu:

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.000 á hverja losun.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi.

Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu árgjaldi fyrir þá losun.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi 1. janúar 2004 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Gjaldskráin er sett í samræmi við samþykkt nr. 667/2003 um fráveitu Akraneskaupstaðar.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 18. desember 2003. Fyrri umræða fór fram 25. nóvember 2003.

Akranesi, 19. janúar 2004.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.